


# Uppbygging

Þarfirnar

## Þarfirnar, Fylla fötu og bekkjarfundir.

Í október vinnum við með þarfirnar, fylla fötu verkefni og höldum bekkjarfundir. Hver bekkur/árgangur rifjar upp þarfirnar og gerir þarfakönnun. Við leggjum áherslu á að tengja þarfirnar við þarfahringinn og velja tvö jákvæð og tvö neikvæð atriði úr honum, nemendur velta svo fyrir sér hvernig hægt sé að laga neikvæðu atriðin og styrkja þau jákvæðu.



Verkefnið að **Fylla fötu** sló alveg í gegn hjá okkur á síðasta ári og höldum við því áfram í ár. Við ætlum einnig að tengja það verkefni við þarfirnar.

Að vera hamingjusamur/ánægður snýst ekki eingöngu um hluti sem veitir okkur gleði heldur þurfum við líka að hugsa um samfélagið okkar sem er skólinn. Til þess að öllum líði vel þá þurfum við að hafa góða samvinnu og fylla fötur hjá hvort öðru. Ef við erum fötufantar þá líður okkur illa og við látum öðrum einnig líða illa. Hér er hægt að skoða þarfirnar því þeir sem eru að nýta þarfirnar sínar á neikvæðan hátt eru líklegri til að tæma föturnar hjá öðrum. Þeir sem upplifa þarfirnar á jákvæðan hátt eru þá líklegri til að fylla fötur annarra.

Við hvetjum ykkur til að ræða fötuverkefnið við ykkar börn.



### Framundan:

#### Október:

Þarfakönnun

Vinna með þarfirnar

Bekkjargfundur

#### Nóvember:

Sleikipinnaheillinn

Bekkjargfundir

**Við hvetjum ykkur til að skoða eftirfarandi síður uppbyggingarfélagsins:**

#### Facebook:

<https://www.facebook.com/Uppbygging-sj%C3%A1lfsaga-uppeldi-til-%C3%A1byrg%C3%B0ar-323724636704/photos>

#### Youtube:

<https://www.youtube.com/channel/UCkKZIM0dKFFhuLRzObx8jdw>

#### Instagram

[https://www.instagram.com/uppbygging\\_sjalfsaga/](https://www.instagram.com/uppbygging_sjalfsaga/)